

MYNL1ÚS05

Búið til: Mon, 29 Apr 2013 23:45:31 GMT

Titill

Úrgangslist, starfsbraut

Skammstöfun

MYNL1ÚS05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

myndlist

Viðfangsefni

starfsbraut, úrgangslist

Staða

Samþykkt af skóla

Prep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að opna fyrir sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þróa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna. Áhersla er lögð á hugmynda- og tilraunavinnu þar sem unnið er í og með ólík efni og miðla auk þess sem farið verður í grunnatriði teikningar, form- og lítafræði. Unnið verður með efni sem alla jafna er hent og því gefið nýtt líf þannig að nemendur kynnast því að í myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er
- blöndun grunnlita í litatóna
- að hægt er að skapa raunveruleg verðmæti úr úrgangi
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum sinnar listgreinar
- mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- að miðla listsköpun sinni með því að sýna verk sín

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi hugsun
- blanda liti og litatóna
- skilningi á formum og uppbyggingu þeirra
- sjá möguleika í úrgangi sem öllu jafna er hent og gefa nýtt hlutverk
- beita mismunandi miðlunarleiðum í listsköpun sinni
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- era skapandi í hugsun ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- skapa list úr úrgangi ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- skapa eigin verk byggð á eigin listrænum styrk undir leiðsögn kennara ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- vinna á persónulegan hátt með eigin hugmynd og útfæra hana í myndverki með tilliti til lita-, og formfræði og myndbyggingar ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- standa að sýningu þar sem nemandinn miðlar listrænum styrk sínum ...sem er metið með... framkvæmd sýningar og skriflega
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum um myndlist við ólíka viðmælendur ...sem er metið með... umræðum
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- meta eigið vinnuframlag ...sem er metið með... umræðum og skriflega

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd